

Sþ.

589. Fyrirspurnir.

[289. mál]

I. Til raforkumálaráðherra um rafvæðingaráætlun á Vestfjörðum.

Frá Steingrími Pálssyni.

1. Hafa verið gerðar rafvæðingaráætlanir fyrir eftirtalin byggðarlög:
  - a) Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslu,
  - b) Ísafjarðardjúp,
  - c) í Strandasýslu: Óspakseyrarhrepp, Fellshrepp, Kaldrananeshrepp?
2. Hve margir bæir á ofangreindu svæði er áætlað, að fái rafmagn frá samveitum árið 1971, og hvenær er áætlað, að rafvæðingu þessara byggðarlaga verði lokið?
3. Hafa verið gerðar áætlanir um nýjar vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum?

II. Til fjármálaráðherra um Vestfjarðaáætlun.

Frá Steingrími Pálssyni.

Hvað líður áætlunargerð eftirtalinna þátta Vestfjarðaáætlunarinnar:

- a) uppbyggingar atvinnumála,
- b) félags- og heilbrigðismála,
- c) orkumála?

III. Til samgönguráðherra um flugvelli á Vestfjörðum.

Frá Steingrími Pálssyni.

1. Hvaða framtíðaráætlanir hafa verið gerðar um flugvelli:  
í Tálknafirði,  
í Bíldudal,  
í Súgandafirði?
2. Hefur verið gerð áætlun um að stækka flugvöllinn hjá Hólmavík í Strandasýslu?
3. Hafa verið gerðar áætlanir um byggingu nýrra sjúkraflugvalla á Vestfjörðum?

IV. Til menntamálaráðherra um sjóvinnuskóla o. fl.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd síðari hluta þingsályktunar, sem samþykkt var á Alþingi 20. marz 1963, um endurskoðun laga um Stýrimannaskóla Íslands og athugun á stofnun sjóvinnuskóla o. fl.?

V. Til iðnaðarráðherra um raforkumál Þistilfjarðarbyggða.

Frá Braga Sigurjónssyni.

Hefur ráðuneytið gert nokkrar ráðstafanir til að leysa raforkumál Þistilfjarðarbyggða, og hvernig þá, og hvenær hyggst það hrinda þeim fyrirætlunum í framkvæmd?

VI. Til landbúnaðarráðherra varðandi sláturhús á Húsavík.

Frá Braga Sigurjónssyni.

Hvaða aðstoð hefur landbúnaðarráðuneytið veitt Kaupfélagi Þingeyinga til að reisa hið nýja sláturhús þess á Húsavík, og hvaða aðstoðar má Kaupfélagið vænta af hálfu hins opinbera til að ljúka byggingu og búnaði hússins?